



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI ÍSLANDS Á INDLANDI

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson átti í dag fundi með forseta Indlands dr. A. P. J. Abdul Kalam og frú Soniu Gandhi leiðtoga Kongressflokksins en hún var fyrir fáeinum árum gestur forsetans á Íslandi ásamt dr. Manmohan Singh núverandi forsætisráðherra Indlands og K. Natwar Singh sem nú er utanríkisráðherra landsins.

Á fundi sínum með dr. Kalam ræddi forseti Íslands um opinbera heimsókn forseta Indlands til Íslands sem fyrirhuguð er í lok maímánaðar næstkomandi. Þá var fjallað um viðbrögð við vaxandi ógn vegna loftslagsbreytinga og framlag Íslendinga til sjálfbærrar þróunar á sviði orkumála, ekki síst með hliðsjón af reynslu þeirra af nýtingu jarðhita.

Á fundi forseta Íslands og frú Soniu Gandhi var meðal annars rætt um þær margvíslegu breytingar sem nú eru að verða á Indlandi og miða að því að styrkja og efla efnahag landsins, ekki síst framþróun iðnaðar sem byggir á hátækni. Þá var rætt um framlag Indlands til lýðræðisþróunar í veröldinni, enda er landið fjölmennasta lýðræðisríki heims. Forsetinn og Sonia Gandhi ræddu einnig ítarlega um samstarf íslenskra og indverskra fyrirtækja, einkum á sviði lyfjaframleiðslu, og lýsti frú Gandhi yfir miklum áhuga á því að styðja við bakið á slíku samstarfi.

Í gær flutti forseti Íslands setningarávarp á alþjóðlegri ráðstefnu um loftslagsbreytingar og sjálfbæra þróun. Þar fjallaði forsetinn einkum um hvernig rannsóknir á norðurslóðum varpa skýru ljósi á hlýnun loftslags í

veröldinni og þær hættur sem því eru samfara. Á morgun mun forseti Íslands opna viðamikla tækni- og vísindasýningu sem einkum er helguð nýjungum sem ætlað er að draga úr mengum og útblæstri skaðlegra lofttegunda.

4. febrúar 2005

Nánari upplýsingar um ferð forseta til Indlands veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson skrifstofustjóri (896 3028). Meðfylgjandi eru myndir frá fundi forseta Íslands og forseta Indlands og frá fundi forseta Íslands og frú Soniu Gandhi leiðtoga Kongressflokksins.